

Stöð

Skálar á Stöð í Stöðvarfirði
Skýrsla V



Forsíðumyndin sýnir skífu úr rauðum steini sem er hogginn á alla kannta (Fnr. 2019-356.
Ljósmynd. BFE).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Janúar 2020

Inngangur

Fjórða sumar rannsókna á Stöð í Stöðvarfirði hófst þann 1. júní síðastliðinn. Veður var óvenju kallt framan af, en hlýnaði svo smátt og smátt. Til leiks mættu fornleifafræðingarnir Amy Derrick (1/2 mánuður), Atli Rúnarsson, Ármann Dan Árnason (1/2 mánuður), Indriði Skarphéðinsson, Rannveig Þórhallsdóttir, Viktoría Halldórsdóttir (1/2 mánuður), og BA nemarnir Anna Soffía Ingólfssdóttir og Snædís Sunna Thorlacius. Einnig var Þorgeir Erikkson við uppgröftin. Aðra vikuna bættist Kevin McAleese við hópinn (ein vika) og síðustu vikuna bættust fornleifafræðingarnir Kalle Thorsberg, og Louise Olsson við hópinn. Í nokkra daga voru kennarar og nemendur frá Earlham College háskólanum í USA við rannsóknir á svæðinu, en þau voru að taka innfrarauðar- og LiDAR myndir.

Byrjað var á því að taka plast og torf ofan af svæðinu sem rannsakað hafði verið í fyrra og grafa svo áfram til austurs svæði sem var 13 x 28,5 m stórt (A–V). Til þess var grafa notuð. Því næst tók við handvirkur uppgröftur.

Áður en að rannsóknir hófust var farið yfir þrjú svæði með jarðsjá til að freista þess að finna fleiri mannvirki undir sverðinum. Mælinguna önnuðust þeir Indriði Skarphéðinsson og Ómar Valur Jónasson frá HÍ með aðstoð Þorgeirs Eiríkssonar. Þessi svæði voru með suðurvegg skálanna, austan við rannsóknarsvæðið í fyrra (sem var svo opnað nú) og í kring um hús 4. Jarðsjáin benti til þess að eldri skálinn kynni að vera allt að 47 m langur (ofmat) og að neðarlega í túninu á dálitlum hrygg sem lá niður túnið austan við skálana væru mannvirki.

Þegar rannsóknir höfðu staðið yfir í viku komu bandarískir fræðimenn eins og ofan greinir ásamt nemendum og tóku LiDAR-, innfrarauðar- og 3D myndir. Notaðir voru drónar í þessum verkum.

Styrkir til rannsókna fengust frá Fornminjasjóði, Fjarðabyggð, Alcoa Fjarðarál, Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir á Stöð, Skemmtifélagi Stöðvarfjarðar, Jaspís, félag eldri borgara auk fjölda heimamanna, sem færðu okkur kökur og kaffi.

Helstu markmið sumarsins voru að halda áfram rannsóknum á Húsi 2 og freista þess að komast að lengd eldri skálans, en að öðru leiti var honum lítið sinnt. Þó var steinlögn honum tilheyrandi í vesturhluta hússins könnuð frekar með því að lifta upp hellunum og kanna lög undir þeim.

Um staðhætti og sögubrot er vísað til eldri skýrslna.

Fulltrúi heimamanna var Björgvin Valur Guðmundsson og eins og áður var hann okkur til halds og trausts við rannsóknirnar. Björgvin er í forsvari fyrir Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir á Stöð og tók í raun allur hópurinn þátt á einn eða annan hátt, bæði með fjáröflun, tyrfingu og lánnum á því sem þurfti til svo sem hjólbörum, dýnum, sængum, gröfu o.s.frv. Öllum þessum aðilum er þakkað fyrir afar ánægjuleg kynni og góðan hug. Það er ómetanlega dýrmætt að hafa slíka bakhjarla þegar rannsóknir sem þessar fara fram.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af hinu rannsakaða svæði á Stöð. Mest áberandi er yngri skálinn, Hús 2. Sjá einnig mynd 21 og 22. (Norður vísar niður. Drónamyndir nr. 2019-37-47. Ljós BFE).

Rannsóknin

Eftir að vélavinnu og aftyrfinngu lauk tók við handvirkur gröftur eins og venjulega. Fyrsta verkið var að hreinsa ofan af flötunum og var svo grafið niður í lögum þar til að mannvistarlög komu í ljós. Þá var eindargröftur (eng. *single context*) viðhafður og öll mannvistarlög og gólf blautsigtuð. Færri sýni úr mannvistarlögum voru tekin nú en áður og aðeins eitt gjóskusýni. Ástæðan var sú að aðaláhersla síðastliðins sumars var að grafa fram yngri skálann, en ekki að greina aldur hans frekar en gert hefur verið.

Bandarískir fræðimenn frá Earlham College í Indiana, Bandaríkjunum komu til að taka 3D-, innfrarauðar- og LiDar myndir, en niðurstöður hafa ekki borist enn sem komið er.

Teknar voru stafrænar myndir og drónamyndir eftir því sem uppgreftinum leið fram. Voru drónamyndirnar notaðar til að teikna flatarteikningar eftir. Settir voru út gulir krossar með norðurpílu ofan á hæla í hnitakerfinu svo hægt væri að leiðrétta þá litlu bjögun sem fylgir drónamyndunum.

Gerð var tilraun með að hnitsetja drónamynd og færa svo fundaskrá þeirra steina sem slegnir voru yfir á hana til að fá fram dreifingu þeirra í rýminu. Ekki reyndist unnt að klára þessa vinnu sbr. Fylgirit 3.


Jarðsjármælingar

Eins og áður kom fram voru þrjú svæði jarðsjámæld í nágrenni skálana til að kanna hvort fleiri mannvirki kynnu að leynast þar. Var þetta gert í maí síðastliðnum, áður en að sjálf rannsóknin byrjaði.

Í fyrsta lagi var mjótt svæði meðfram suðurhlið skálanna mælt og vísbendingar um að mannvirki væru með allri hliðinni. Rannsóknin studdi þetta varla.

Þá var ræma mæld til suðurs frá austurenda rannsóknarsvæðisins og syðst á því kom útslag sem bendir til þess að þar kunni að leynast mannvirki (sjá t.d. mynd 2 í Fylgiriti 2) og við austurenda rannsóknarsvæðisins komu sterkar vísbendingar um að mannvirki væru undir sverðinum. Rannsóknin sýndi að þetta hlýtur að hafa verið austurendi skálanna.

Síðasta ræman sem mæld var lá til austurs og yfir Prh. 3 sem grafin var 2017. Mjög veikt útslag kom í ljós austast, en, vestast var sterkt útslag við NA-enda skálans. Rannsóknin náði ekki yfir allt þetta svæði nema að hluta. Hugsanlega sýnir mælingin hús sem lá ofan á yngri skálanum og hefur fengið heytið Hús 6 og fjallað er um hér að neðan.



Mynd 2. Staðsetning jarðsjármælinga-svæðanna. Austur vísar til vinstri. Sjá Fylgirit X.

Húsin

Hús 2

Yngri skáli. Stefnt var að því að klára skálann, en það tókst ekki. Nú er þó allur skálinn kominn í ljós og er heildarlengd hans 31,4 m og breidd hans um miðjuna er 8,50 m. Veggir hússins eru að jafnaði um 1,2 m breiðir. Þeir eru byggðir úr grjóti og torfi. Grjótið er aðeins við innri og ytri brún þar sem það sást og oftast ein röð, en gat farið í tvær til þrjár raðir á stöku stað að innanverðu. Mest áberandi voru hleðslurnar á innanverðum veggjunum um miðbik skálans og á utanverðri suðurhliðinni. Þegar til austurs dró urðu grjóthleðslurnar minna áberandi og aðeins á stöku stað og stundum aðeins steinar á stangli.

Húsið er byggt í dálitlum halla og hefur upprunalegt yfirborð verið jafnað til að fá það nokkuð lárétt og hreinsað í burtu þannig að hliðarskipið að norðan hefur lent beint ofan á jökulruðningum undir yfirborðinu. Slík ráðstöfun er þekkt eins og t.d. á Snjáleifartóttum í Þjórsárdal (Stenberger 1943:108).

Í miðjum veggnum var á einstaka stað kjarni úr mól (ísaldarruðningi). Ein skýringin á þessum kjarna gæti verið sú að með þessum hætti rann vatn úr veggnum niður úr honum ofan í urðina. Ekki þekkir höfundur dæmi um samskonar frágang (ef rétt er) á Íslandi. Einnig voru tvær áberandi hrúgur af grúsi í suðurveggnum og hugsanlega hafa þær komið til eftir að húsið var úr brúki, en mjög sambærileg hrúga lá ofan við gólfið í austurhlutanum. Undir hrúgunni var áfokslag sem sýnir að hrúgan var yngri en skálinn.



Mynd 3. Yfirlit yfir skálana að lokinni rannsókn 2019. Neðst á myndinni er grunnur skurður sem grafinn var til að elta grænleitt gjóskulag sem grunnur lék á að væri landnámslagið frá 871±2 sem reyndist svo ekki vera. Steinninn í skurðinum gæti markað gafl eldri skálans. (Horft mót V. Stafr. myndir nr. 2019-157. Ljós. BFE).

Ytra byrði norðurveggjarins var ekki með grjóti að utanverðu, eða þar sem veggurinn mætir jökulruðningum. Sjá má að grjót úr eldri skálanum hefur verið nýtt í þann yngri vegna þess að innri steinaröð eldri skálans sást hvergi, nema utan við Hús 2 að vestantanverðu og með suðurhliðinni, þó ekki austast.

Torfið er hlaðið úr þverstreng og sá strengur virðist ekki hafa verið skorinn í mýri. Með hluta veggjarins hefur verið hlaðinn mjór veggur innanvert á suður- og norðurvegg. Var hann 0,3 - 0,40 m breiður. Sá munur var á þessum viðbótarveggjum að norður viðbótarveggurinn er innan við innri grjóthleðsluna í aðalveggnum, en utan við hana að sunnanverðu. Einnig var hann mun lengri að norðanverðu (sjá teikningu). Ekki er hægt að skýra þennan „*auka vegg*“, en hugsanlega hefur hann verið hlaðinn upp til að einangra húsið betur. Það hefur gerst á seinni stigum skálans, því „*auka veggurinn*“ stóð ofan á gólfi hússins á kafla að sunnaverðu. Þessi „*auka veggur*“ er ekki úr streng, heldur kökkum eða hnausum og efnið hefur líklega verið tekið úr mýri.

Setin í skálanum norðanverðum náði yfir meiri hluta hússins, en er þó talsvert lengra frá austurgafninum en þeim vestari. Við báða gaflana tóna þau svolítið út. Breidd þeirra var á bilinu 1,60 – 1,70 m. Þau voru ekki meira en 10 sm hærri en miðskipið þar sem mest var.

Suður setið náði aðeins yfir miðhluta skálans.

Við vesturgaflinn (frá fyrri sumrum) voru nokkrar hellur á gólfi og óþekkt mannvirki í SA-horninu sem ekki var eldstæði, en það markaðist af steinum sem mynduðu einskonar kassa eða þró ofan á gólfinu. Líklega er þetta einhverskonar vinnusvæði með dyrum út til suðurs á bláhorni skálans.

Örþunnt mannvistarlag var ofan á setunum (0,5 - 2 sm) og var talsverður litamunur á lögunum í setunum að norðanverðu sín hvoru megin þar sem þil hefur skipt því niður í hólf nálægt miðjum skálanum. Hólfin markast af steinaröðum, m.a. áberandi langur stór steinn, sem sjá má í báðum setum í suður og norður. Þil þetta hefur líklega ekki náð þvert yfir skálann heldur aðeins þiljað setin niður. Líklega voru fleiri þil í skálanum og honum líklega skift niður í fjögur rými. Þetta mun skýrast síðar.

Á skálanum voru allavega tvennar dyr á sunnanverðri langhliðinni (á móti sjónum!). Þær vestari voru mjög nálægt vesturgaflinum en þær eystri nokkuð frá austurgaflinum. Voru síðarnefndu dyrnar lagðar hellum á gólfi sem náði út úr skálanum og tengdist stétt sem þar var. Breidd dyranna (öndin) var 0,7–0,8 m og lengdin 2,83 m. Þó eru vísbendingar um að öndin hafi verið ýfið styttri eða 1,83 m löng og að dyr/hurð hafi verið við báða enda. Þetta mun vonandi skýrast við nánari rannsókn. Stéttin lá með veggjum úr Húsi 3, eldri skálans, sem sýnir að sá veggur hefur staðið að hluta áfram eftir að Hús 2 var reist. Ekki er þó hægt að útiloka að stéttina megi rekja til Húss 3 og að hún hafi haldið áfram hlutverki sýnu eftir að Hús 2 var reist.

Langeldur fannst rétt vestur af eystri dyrunum. Var hann 0,51 m breiður og 2,55 m langur. Markaðist hann af hellum á rönd, en ekki var hann rannsakaður frekar nú. Þar sem áður hefur verið talið að langeldur kynni að hafa fundist nokkrum metrum vestar gæti verið aflagður langeldur, eða langeldur í Húsi 3. Það liggur ekki ljóst fyrir enn.

Gólfið var mjög hefðbundið, fullt af viðarkolum,



Mynd 4. Aðaldyrnar inn í yngri skálanum. Sjá má stoðarholuna fyrir ofan grjótið í dyrunum. Til vinstri sést gólfið í skálanum (Horft mót A. Stafr. myndir nr. 2019-151. Ljós. BFE).



Mynd 5. Langeldurinn í yngri skálanum. (Norður vísar niður. Stafr. Myndir nr. 169. Ljós. BFE).

sóti, ösku, brenndum bein-um og lífrænum leifum. Var það langþykkast í miðju miðskipinu og náði í raun frá gafl í gafl.

Engar öruggar stoðar-holur eða stoðarsteinar hafa fundist enn þar sem stoðir á milli skipanna hafa staðið. Líklega hafa stoðarsteinar verið ráðandi, steinar sem flotið hafa í burtu á seinni stigum eyðingarinnar. Fyrsta sumarið fundust tvær stoðarholur upp við innri suðurvegginn og nú fannst ein stoðarhola við austurhlið dyranna, innan við grjótið í torfveggnum. Var hún um 10 sm í þvermál. Innan við dyrnar til austurs fundust fjórar pinnaholur, allar nálægt suðurveggnum.

Austurhluti skálans sker sig dálítið úr öðrum hlutum hans. Lítil sem enginn munur er á hliðar- og miðskipum hans. Fundaflóran er einnig frábrugðin og bar þar mest á skífum úr steini sem fjallað verður um frekar hér að neðan. Þegar komið er inn um dyrnar er komið inn í þennan hluta eða rými. Hefur líklega verið þil þvert á skálann til vinstri sem hefur aðskilið þennan hluta frá miðhlutanum. Ýmislegt bendir til þess að þetta hafi verið vinnurými af einhverju tagi. Enn á eftir að grafa mestan hluta gólfsins.

Þegar rannsókn á skálanum lýkur mun lokalýsing hans verða birt í viðkomandi skýrslu.

Í töflu 1 má sjá þá gripaflokka (efnisflokka) sem fundist hafa hingað til í húsunum. Í vissum tilfellum er ekki hægt að greina í sundur Hús 2 og 3, en það er meðal annars vegna þess að gólfin renna nánast saman að norðanverðu.

Fá sýni voru nú tekin og aðeins eitt sent í greiningu, en það var grænleit gjóska sem lá yfir mannvistarlagi austan við skálana. Grunur lék á því að það kynni að hafa verið landnámsgjóskan (871±2 e. Kr.), en svo reyndist ekki vera. Var gjóskan nær örugglega úr Grímsvötnum, líklega frá árinu 1159 e. Kr. (sjá Fylgirit 1).

Hús 3

Hús 3 var ekkert rannsakað nú, en þó var reynt að grafa st fyrir um heildarlengd þess, en hún hefur verið a.m.k. 40,5 m og er þar með lengsti rannsakaði skáli landsins. Lengsti þekkti skáli landsins er þó enn órannsakaður skáli Böðmóðstungu á Síðu. Lengd hans er mjög óörugg vegna gríðarlegs áfoks yfir skálanum sem getur hafa lengt hann og breikkað.



Mynd 6. Yfirlit yfir Hús 6. Sjá má greinilega þverstrengina í veggjum. Dyrnar eru neðst á myndinni. Suðurhlutinn er horfinn. Leitarholan er inni í húsinu. (Horft mót VSV. Stafr. myndir nr. 156. Ljós. BFE).

Hús 6

Húsið kom í ljós þegar grafið var ofan af Húsi 2. Lá vesturveggur þess vel inn yfir gólfið í yngri skálanum að hrúgu af smáum steinum (grús, yngri en skálinn). Suðurveggurinn var horfin og hefur líklega verið ýtt í burtu þegar túnið var sléttað, því aldrei sáum við neitt af veggnum þegar við fórum niður úr áfokslögunum yfir gólfinu í Húsi 2. Svipaðar tvær hrúgur voru í vegg



Mynd 7. Hús 6. Sjá má vegginn í yngri skálanum ofarlega við kantinn og einnig slitrur af viðbótarveggnum innan við hann. (Horfrt mót S. Stafr. Myndir nr. 153. Ljós. BFE).

Húss 2 og gætu þær allar verið frá sama tíma. Hlutverk þeirra liggur ekki ljóst fyrir, en þær gætu verið þúkk undir staura!

Hús 6 var úr hreinum torfveggjum með dyr mót austri í NA-horni hússins. Veggirnir eru byggðir í þverstreng með kjarna úr afskurðum og einstaka streng sem nær þvert yfir allan vegginn. Breidd veggjanna var um 1,3 m. Í strengjunum var áberandi ljóst gjóskulag, sem varla getur verið Örafajökull 1362. Þá koma aðeins Hekla 1104 og Hekla 1158 til greina.

Ekkert öruggt gólf fannst í leitarholu inni í miðju húsinu. Húsið er ekki fullrannsakað enn og hefur ekki verið mælt upp.

Í húsinu fannst aðeins einn óunninn vikursteinn (Fnr. 124), 159,8 g að þyngd.

Gripir

Enn fjölgar gripunum og nú voru 569 fundanúmer skráð. Mest bar á járnمولum sem reyndust vera um 220 talsins. Einnig voru áberandi slegnir jaspisar, glerhallar og tinnur. Voru þetta 110 funanúmer með glerhalli (yfir 150 brot), 90 fundanúmer með jaspis (fleiri en 120 brot) og 17 fundanúmer með tinnu (fleiri en 20 brot). Fimm tinnubrot pössuðu saman og voru því einn gripur. Að síðustu fundust nú þrjár hraftinnular, en hraftinna hefur ekki áður fundist á Stöð. Sjá nánar Fylgirit 3.

Jafnframt var áberandi hve margar skífur fundust. Fjallað var lítilega um skífur í fyrri skýrslum og hugmyndir reifaðar um hlutverk þeirra. Nú fundust 42 skífur til viðbótar og



Mynd 8. Skífa úr íslenskum steini. (Fnr. 353. Ljós. BFE).



Mynd 9. Skífa úr íslenskum steini. (Fnr. 390. Ljós. BFE).

flestar þeirra í austasta rýminu í yngri skálanum sem talið var vera einhverskonar vinnurými hér fyrir í skýrslunni. Sé sú tilgáta rétt að hlutverk skífanna hafi verið að loka fyrir skinnpoka (tappar) sem innihaldið hafa einhvern vökva (lýsi, mjöð, mjólk, sýru, blóð o.s.frv.) þá hefur rýmið einnig þjónað sem búr/skemma. Samtals hafa nú fundist 52 skífur og kemur enginn staður á landinu nálægt þeim fjölda.

Allar eru skífurnar úr íslenskum bergtegundum. Sumar er nær hringlaga og tiltölulega vel hoggnar á meðan aðrar eru minna hringlaga og ekki eins vel hoggnar. Nær allar eiga það sameiginlegt að vera sleggnar á köntunum nær allan hringinn og margar eru sleggnar á yfirborðinu. Að öðru leiti eru þær ekki unnar. Yfirborð þeirra er gjarnan frekar slétt, en þó ekki alltaf.¹ Sjá nánar Fylgirit 3.

Fyrri sumur fundust aðeins þrjár snældusnúðar, en nú bættust 12 við og allir fundust þeir í eystri hlutanum þar sem skífurnar voru hvað mest áberandi. Af þessum 15 snúðum sem hingað til hafa fundist eru fimm úr klébergi og restin úr íslensku bergi. Níu þeirra eru heilir. Snúðarnir eru býsna svipaðir að stærð og lögun (A og B típa), en þó misþungir. Bendir þetta til þess að tiltölulega einsleitt garn hafi verið spunnið, en mis þétt.

Þessi dreifing snúðanna sýnir einnig að austurhlutinn skar sig úr öðrum hlutum hússins.

Í Hríslu í Mosfellsdal fundust samtals sex snældusnúðar og þar af voru fimm úr sjálfum skálanum. Tveir þeirra voru úr klébergi (Hansen 2014:118, 121).

Á Hofstöðum í Mývatnssveit fundust 11 snældusnúðar og voru fimm þeirra úr klébergi. (Lucas 2009:298, 306).

Á Borg á Lofoten í N-Noregi fundust 32 snældusnúðar úr klébergi og voru þeir frá öllum tímabilum bæjarins, sem náði frá því um 200–1400 e.Kr. (Johansen 2003:33). Borg er talin til höfðingjabýla og er stærsta hús, 80 m á lengd, sem fundist hefur frá járnöld/miðöldum. Flestir telja þó



Mynd 10. Skífa úr íslenskum steini. (Fnr. 487. Ljós. BFE).



Mynd 11. Snældusnúður (A típa) úr austurhluta Húss 2. Úr íslensku bergi. (Fnr. 63. Ljós. BFE).



Mynd 12. Snældusnúður (A típa) úr klébergi úr eystri hluta Húss 2. (Fnr. 244. Ljós. BFE).

¹ Auk þeirra skífa sem fundist hafa annarsstaðar (Hólmur, Vestmannaeyjar, Reykjavík, Ísleifsstaðir) þá fundust fjórar slíkar skífur í Snjáleifartóttum í Þjórsárdal. Voru þær kallaðar kringlur og voru úr „hveragrjóti“. Þrjár voru hringlaga og ein ferhyrind. Þær eru ekki nefndar í grein um rannsóknina og bárust á Þjms 1962 (sarpur.is Stenberger 1943).

að húsið hafi aldrei verið svo langt. Lengdin markast af mörgum kynslóðum húsa sem samanlagt eru 80 m. (Borg in Lofoten 2003).

Kljásteinar fundust nú í fyrsta sinni á Stöð og lang flestir í austurhlutanum. Voru þeir samtals 9 stykki og allir úr íslensku bergi. Kljásteinar og sökkur geta oft á tíðum verið eins í laginu og finnst kljásteinarnir ekki margir saman á einum stað er greiningin ögn vandasöm, en nú þegar við vitum að tóvinna hefur verið stunduð á staðnum (snældusnúðarnir) er líklega um kljásteina að ræða í þessu tilfelli.

Sumir kljásteinar eru með náttúrulegu gati, aðrir með boruðu og enn aðrir með náttúrulegu gati sem klappað hefur verið í.

Þyngd kljásteinana er frá 244,9 g til rúmlega 500 g.

Á Hofstöðum fundust 16 kljásteinar (Lucas 2009:297) og Hrísbú voru þeir 12 (Hansen 2014:118).

Fjöldi perlna var fyrir sumarið orðinn býsna mikill og enginn annar fornþær á Íslandi sem hefur jafn margar perlor og Stöð. Í sumar bættust 49 perlor við safnið og eru þær því orðnar 92 perlurnar frá Stöð. Athyglisverðasta perla sumarsins var lausafundur sem fannst við sigtunarborðið eftir að uppgreftri lauk. Er það önnur augnaperlan sem finnst á staðnum. Þær eru þó ekki líkar. Önnur er úr svörtu gleri með hvítum röndum og svörtum augum inni í rauðum hring, en sú síðari er úr rauðbrúnu gleri með rauðbrúnum augum inni í tvílítum hring sem er með svörtum og hvítum rákum. Augnperlur er vel þekktar á Íslandi þó ekki séu þær algengar. Augnperlur voru yfirleitt einar þeirrar gerðar á perlubandi um hálsinn, sú sem var mest áberandi með sín verndandi augu.

Einna athyglisverðustu gripir sumarsins voru tveir skutlar sem fundust í gólfí yngri skálans. Annar þeirra væri einnig hægt að kalla spjót, en hinn ekki þar sem á gripnum var svokallaður agnúi, til að festa línuna eða vaðinn í svo draga mætti skutulinn (og bráðina eftir atvikum) aftur heim. Aðeins einu sinni áður hefur skutull/spjót fundist í skál á Íslandi og var það í Vog í



Mynd 13. Augnperlan sem fannst eftir að rannsnókn lauk síðastliðið sumar. (Fnr. 2019-567. Ljósm. ÞE).



Mynd 14. Tvöföld glerperla sem fannst austan við langeldinn. (Fnr. 2019-48. Ljósm. BFE).



Mynd 15. Skutullinn/spjótið úr Húsi 2. (Fnr. 2019-327. Ljósm. BFE).



Mynd 16. Skutullinn úr Húsi 2 in situ. (Fnr. 2019-49. Ljósm. BFE).

Höfnum á Reykjanesi, en sá var ekki með agnúa (Bjarni F. Einarsson 2013:15).

Skutlarnir sýna að selir og smáhveli hafa verið veidd af fólkinu á Stöð á landnámsöld.

Aðrir gripir sem sýna að sjávarfang hefur verið nýtt á staðnum eru þrjú hismi af bláskel sem hafa fundist fram að þessu. Tvö þeirra fundust nú í sumar. Fimm gripir eru taldir geta verið önglar og það segir okkur að fiskur hefur verið á borðum á Stöð.

29 brýni eða brýnisbrot (26 fnr.) úr flögubergi fundust síðastliðið sumar og eru þau þá orðin 75 brotin (64 fnr.), en sum hver tilheyra sama brýninu. Auk þessara brota úr brýnum fundust tvö heinbrýni sumrin 2016 og 2018.

Á Hofstöðum fundust 33 brýnisbrot úr flögubergi, þar af 16 frá víkingaöld (Lucas 2009:295-96) og í Hrísbú voru þau 20 (Hansen 2014:118). Brýnin (flögubergið) frá Stöð eru nú orðið stærsta brýnasafn á Íslandi frá landnámsöld. Sjá nánar Fylgirit 3.

Tveir gripir úr steini voru óvenjulegir, en báðir voru þeir úr rauðum sandsteini og skreyttir (risstir og skornir). Um hlutverk þeirra verður ekkert sagt, allavega að sinni. Ekki kannast höfundur við sambærilega gripi hér á landi. Báðir gripirnir fundust í austurhluta yngri skálans.

Annar gripanna gæti verið skaft af kolu þó ekki sé það öruggt. Á annari hliðinni er strik með öllum kanntinum. Hinn gripurinn er eins og teygð stjarna en án nokkurra strika. Hann gæti verið einhverskonar verndargripur.

Fjórar töflur úr hnefatafli fundust nú í sumar, en þrjár þeirra eru vafagemsar. Áður hafði ein meint tafla fundist.

Rétt austan við langeldinn fannst lykill (Fn. 2019-50) af hefðbundinni gerð. Líklega hefur hann gengið að einhverri hirslunni á bænum.

Enn bættist í silfurgrípafjöldan, eða átta gripir og eru nú samtals 25 númer með ýfið fleiri brotum. Voru silfurgrípirnir sem fundust 2019 yfirleitt mjög smáir, en ástæðan er sú að nú finnast þeir vegna nákvæmrar blautsigtunar. Voru þeir allir utan einn minna en eitt gramm að



Mynd 17. Skreyttur steinn. (Fn. 2019-498. Ljósm. BFE).



Mynbd 18. Skreyttur steinn (Fn. 2019-197. Ljósm. BFE).



Mynd 19. Tafla úr hnefatafli. (Fn. 2019-2. Ljósm. BFE).



Mynd 20. Arabískur silfurpeningur frá Stöð (Fn.r 2019-17. Ljósm BFE).

Efni	2015-16	2017	2018	2019	Samtals	Hús 2	Hús 3	Hús 2/3	Annarstaðar	Prh
Bein	2 (fuglab.?)	18	6	8	34	21	2	2	1	
Blý	1	2	3	5	11	3	2		2	
Brons	1	1	3	1	6	1	3	1		
Flöguberg (brýni)	10	19	11	31	71	22	8	8	2	
Geislasteinn	1	3	0	5	9	3		1		
Gjall	20	4	8	1	33	3	6	16	3	
Gler	6	13	17	41	77	18	2	9	6	1
Glerhallur	29	65	17	Um 150	Um 261	68	15	26	2	
Jaspis	17	63	25	Um 120	Um 225	76	10	13	6	
Járn	85	104	80	Um 220	Um 490	130	37	84	17	Prh 1, 1
Kléberg	21	3	5	11	40	4	9	15	1	
Kopar	0	1	0	0	1	1				
Látún	0	0	0	0	0					
Leður	0	0	1	0	1				1	
Leir	0	2	0	0	2					
Ópall	2	0	0	0	2			2		
Sandsteinn	3	1	0	2	6	1	3	2		
Gull	0	0	1	0	1					
Silfur	3	6	8	8	25	9	7	1		
Skel		1	0	2	3	1				
Steinn	12	11	10	83	116	14	5	9	4	Prh. 1, 1
Textill	0	0	0	0	0					
Tinna	2	8	11	21	42	8	2	2	2	Prh. 2&3, 2
Tré	0	0	1	0	1				1	
Ull	0	0	0	0	0					
Annað	1	3	2	-	-	1		1		

Tafla 1 yfir gripum sem fundist hafa fram að þessu. Ef gripur fannst í brotum telst hann vera einn. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða. Búlduleitar tölur sýna gripum fundna 2019. Þessar tölur hafa breyst frá fyrri árum og kunna að breytast frekar þegar farið verður nánar í fundaskrárnar/gripina. Viðurinn frá 2016 voru lítilfjörlegar leifar á nagla sem ekki var hægt að bjarga. Tveir glergripanna eru úr seinni tíma lögum.

þyngd. Sá þyngsti þeirra var 1/4 úr arþískum silfurpeningi. Er fjöldi mynta því orðinn átta, en einn telst þó vera vafasamur, en á móti kemur að annar gripur frá 2018 kann að vera úr mynt.

Hin smáu silfurprot gætu verið vísbending um að málmsmíði hafi verið stunduð á staðnum.

Fimm gripir úr blýi bættust við forðann sumarið 2019 og var einn þeirra ekki örugglega blý. Samtals hafa því fundist 11 gripir úr blýi frá Stöð. Blýið gæti verið eins og silfrið, vísbending um málmsmíði.

11 gripir úr klébergi fundust á Stöð sumarið 2019 og voru fjórir þeirra snældusnúðar. Samtals eru því fundanúmer yfir kléberg orðin 27 með umtalsvert fleiri brotum eða 45 stykkjum.

Tegund	Hús 2	Hús 3	Hús 2/3	Annarsstaðar	Samtals
Perlur	34+46		6	5 + 1	92
Silfur	9+8	7	1		25
Blý	3+5	2		1	11
Kléberg	9+11	6		1	27
Gull			1		1
Skífur	6+41	2	1	1+1	52
Tinna	8+17	3	2	6	36
Jaspis	75+>120	10	13	6	>195
Hnífar	5+6	2	1	1	15
Steinar með gati	1+1			1	3
Met (blý)		1		1	2
Snældusnúðar	1+11		2	1	15
Brýni	30+26	2	3	3	64

Tafla 2 yfir gripategundir í einstökum húsum. Þegar brot passa saman eru þau talin sem einn gripur. Breytingar hafa orðið frá fyrri skýrslum þar sem perlur hafa verið færðar úr Húsi 3 í Hús 2. Þetta kann að breytast aftur síðar meir. Ákveðin óvissa er með greiningar á fáeinum gripum og efnisflokkum. Feitletrað sýnir gripi sem fundust sumarið 2019. Þessar tölur kunna að breytast þegar rannsókninni vindur fram og nánari greining á gripum hefur átt sér stað.

Á Hofstöðum fundust sjö gripir úr klébergi og þar af voru sex snældusnúðar (Lucas 2009:298). Í Hrisbrú voru klébergsgripirnir fjórir, þar af tveir snældusnúðar (Hansen 2014:118).

Að síðustu voru 173 fundanúmer (220 brot) yfir járn að skutlunum meðtöldum, oftast járnsmolar sem flesta var ekki hægt að greina frekar, en þar á meðal voru naglar, hnoð, skinnur, hóffjaðrir, lykill, hnífar, teinar, lykkjur, hringir og jafnvel síll og öngull.

Sýni

Fá sýni voru tekin sumarið 2019. Engin C-14 sýni voru tekin þar sem ekki er talin þörf á fleiri slíkum sýnum úr yngri skálanum og ný gjóskulög fundust ekki fyrir utan það sem sýni var tekið úr til greiningar. Reyndist það vera úr Grímsvötnum og frá árinu 1159. Undir því var mannvistarlag sem ekki var kannað frekar. Þessi niðurstaða breytir engu um frekari aldursgreiningar á staðnum. Hún bendir hinsvegar til þess að bærinn hafi verið fluttur af staðnum fyrir þennan tíma.

Niðurlag og næstu skref

Minjarnar á Stöð verða sífellt áhugaverðari og gripaflóran fjölbreyttari. Tíðrætt hefur verið um Hofstaði í Mývatnssveit og Hrisbrú í Mosfellsdal og er ástæðan sú að það eru tveir fundaríkustu bæir landsins og meðal þeirra stærstu fram að þessu og báðir taldir höfðingjabýli. Því er samanburður við þá nauðsynlegur og sá samanburður sýnir að Stöð var líklega ekki síður höfðingjabýli og jafnvel kröftugra höfðingjabýli en hinir tveir staðirnir ef marka má fjölda eðalmálma, stærð húsakynnana og fundaflórana.



Mynd 21. Drónamynd tekin af rannsóknarsvæðinu eftir rigningu áður en komið var niður á gólf í austurhluta (til vinstri) yngri skálans. Á myndinni má vel sjá veggir yngri skálans sem eru dekkri en umhverfið vegna mikils raka eftir rigningar. Flestir steinarnir í vesturhlutanum tilheyrja Húsi 3, eldri skálanum. (Norður vísar niður. Stafr. Myndir nr. 127. Ljós. BFE).



Mynd 22. Yfirlitsteikning af Húsi 2 (yngri skála) og Húsi 6 (ljós grænt). Milligrænt sýnir viðbótarvegginn í skálanum. Dekksti liturinn sýnir hvar langeldur eldri skálanum kann að vera, en í fyrri skýrslum var talið hugsanlegt að þar væri langeldur yngri skálans. (Teikn. BFE).

Tóvinnuáhöld fleiri á Stöð en hinum tveimur sem bendir til þess að sú iðja hafi skift miklu máli. Á þetta við um yngri skálann sem hefur verið hefðbundið landnámsbýli, en af stærri gerðinni hvað ríkidæmi varðar.

Bein varðveitast því miður illa á Stöð öfugt við Hofstaði og Hríbrú. Aðeins 21 fundanúmer hafa verið skráð fram að þessu, með yfir 35 brotum, en brotunum mun fjölga vegna lélegs ástands beinanna. Þau bein sem þó hafa fundist eru úr meðalstóru spendýri (kind, geit, selur eða hundur), mjög líklega fuglabein auk skeljabrota sem sýna að sjávarfang hefur verið nýtt og veiðar á fugli hafa verið stundaðar. Skutlarnir benda til hval- og/eða selaveiða. Engin stórgripabein eru staðfest enn sem komið er. Hóffjaðrirnar sýna þó að hestar hafa verið á staðnum.

Næsta sumar er stefnt að því að klára yngri skálann (Hús 2) svo hægt sé að byrja á þeim eldri (Hús 3) í kjölfarið. Einnig verður þess freistað að kanna hvort nýtt hús leynist suður af skálanum, á lágum hrygg sem liggur niður túnið og jarðsjáin benti til að væri þar að finna. Ekki er ráðgert að rannsaka eldri skálann (útstöðina) fyrr en sumarið 2021.

Áfram verða gripir úr jaspis, glerhalli og tinnu rannsakaðir með tilliti til áslátturs og notkunar. Efniviðurinn er nú þegar orðinn sá lang stærsti á

landinu sem gefur mikla möguleika á haldbærum niðurstöðum sem varpa munu ljósi á áslátturstæknina, notkunar þeirra og efnismenninguna. M.a. má sjá að tinna, glerhallur og rauður jaspis var einkum notuð í eldsláttusteina en græni jaspisinn síður.

Nú voru einnig skífurnar og brýnin skoðuð með tilliti til áslátturs. Helstu niðurstöðurnar varðandi brýnin eru þær að um tvær tegundir hráefnis var notað í brýnin. Annarsvegar ljóst hart flöguberg (skiffer) og hins vegar dökkt mýkra flöguberg. Hið ljósa flöguberg var mun algengara og það var líklega svokallað *Eidsborgsskiffer* frá SA-Noregi. Efniviðurinn finnst bæði sem óunnið hráefni í brýni og tilhoggin brýni auk afganga frá vinnslunni. Óunnið efnið (bara í eldri skálanum), brýni í ýmsum stærðum og endurunnin brýni sýna að ekki hefur verið hörgull á efninu á Stöð. Afgangar sem hafa komið til við gerð brýnanna sýna einnig að óunnið efni hefur verið unnið áfram á staðnum í tilbúin brýni. Ekki er hægt að útiloka að þessi framleiðsla hafi verið til sölu á tilbúnum brýnum innanlands.

Um uppruna dekkra flögubergsins er ekki vitað.

Tinnan virðist koma frá suður Skandinavíu og Englandi.

Heimildir

- Adolf Friðriksson, Oscar Aldred, Colleen Batey, Ramona Harrisson, Aaron Kendall, Kate Krivogorskaya, Tom McGovern, Karen Milek, Seth Brewington, Torfi H. Tulinius, Ragnar Edvardsson og Ian Simson. *Vatnsfjörður 2005. Fornleifarannsóknir/Fieldwork at Vatnsfjörður, NW-Iceland 2005*. Ritst. A. Friðriksson, T.H. Tulinius og G. Guðmundsson. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2005.
- Albína Pálsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Karen Milek, Magnús Á. Sigurgeirsson, Oscar Aldred, Thomas McGovern, Uggi Ævarsson og Véroniques Forbes. *Vatnsfjörður 2006. Framvinduskýrslur/Interim Report*. Fornleifastofnun Íslands. Ritst. Karen Milek. Reykjavík 2007.
- Bjarni F. Einarsson. „Jaðarbyggð á Eyjafjarðardal. Víkingaaldarbærinn Granastaðir. Fornleifarannsóknir á skála, jarðhýsi og öðrum tilheyrandi fornleifum sumrin 1987 og 1988.“ *Súluur. Norðlenskt tímarit*. XVI. árg. 29. hefti. Akureyri 1989. Bls. 22–77.
- Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.
- Bjarni F. Einarsson. *Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Örafum*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2007.
- Bjarni F. Einarsson, Daniel Lindblad, Guðbjörg Melsted og Sindri Ellertsson Csillag. *Mjóeyri við Reyðarfjörð*. Fornleifarannsóknir á rúst 016 í landi Sómastaða í Fjarðabyggð, S-Múlasýslu. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2008.
- Bjarni F. Einarsson. *Landnámsbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.
- Bjarni F. Einarsson. *Vogur. Landnámsaldarbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla III. Rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2011.
- Bjarni F. Einarsson. *Vogur. Landnámsaldarbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla IV. Rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson (a). *Landnám og landnámsfólk. Saga af bæ og blóti*. Skrudda. Reykjavík 2015.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Stöð. Rúst 16:1 í Fjarðabyggð*. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2015.
- Bjarni F. Einarsson (a). *Stöð í Stöðvarfirði. Fornleifarannsóknir á Skála frá 9. öld og fleiri rústum*. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Stöð í Stöðvarfirði. Fornleifarannsóknir 2017. Leit og rannsókn á húsum*. Skýrsla III. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson. *Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. Reykjavík 2017.

- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2008*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2009/071. Reykjavík 2009.
- Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2010*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2011/062. Reykjavík 2011.
- Bolender, Douglas J. *Excavations at Glaumbær 2006. Preliminary Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey*. Northwestern University. Ártal vantar.
- Borg in Lofoten. A Chieftain's farm in North Norway*. Ed. Gerd Stamsö Munch, Olav Sverre Johansen & Else Roesdahl. Lofotr. Vikingmuséer på Borg. Tapir. Academic Presss. Trondheim 2003.
- Bronk Ramsey, C. „Bayesian analysis of radiocarbon dates.“ *Radiocarbon 51(1)*. 2009. Bls. 337–360.
- Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909. V. Böðmóðstunga.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1909*. Reykjavík 1910. Bls. 10–12.
- Daniel, O., Le, H., Sein, M., Þórhallsdóttir, R., Lerner, H. and Smith E. *Comparison of Ancient DNA Extraction Protocols on Soil from an Archaeological Site in East Iceland*. Poster 2018.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Íslenskar perlur frá víkingaöld; með viðauka um perlur frá síðari öldum*. MA ritgerð við HÍ. Reykjavík 2005.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. „Beads from Hrísrú and their Wider Icelandic Context.“ *Viking Archaeology in Iceland*. Mosfell Archaeological Project. Ed. D. Zori & J. Byock. Brepols. Turnhout 2014. Bls. 135-141.
- Fornleifaskrá*. Gagnagrunnur Fornleifafræðistofunnar.
- Gavin Lucas. *Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka 2005*. Landsvirkjun LV-2007/018. Reykjavík 2007.
- Guðmundur J. Guðmundsson. *Á hjara veraldar*. Sögufélagið. Reykjavík 2005.
- Guðmundur Sigurðarson og Guðný Zoëga. *Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn 2011–2012*. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur 2013/140. Sauðárkróki 2013.
- Gustafsson, Björn. „Vikingatida blästerskydd av sten och lera från Mälardalen.“ *Fornvännen*. Journal of Swedish Antiquarian Research 2009(104). Bls. 253–261.
- Hansen, S C J. Whetstones from Viking Age Iceland – As part of the Trans-Atlantic trade in basic commodities, MA thesis University of Iceland, Reykjavík 2009.
- Hansen, S C J. The Icelandic Whetstone Material – An Overwiev of Recent Research. *Archaeologica Islandica*. Reykjavík 2011.
- Hansen, Sigríð Cecílie Juel, Zori, Davide & Byock, Jesse. „Artefacts from the Viking Age Longhouse at Hrísrú.“ *Viking Archaeology in Iceland*. Mosfell Archaeological Project. Ed. D. Zori & J. Byock. Brepols. Turnhout 2014. Bls. 117-133.
- Hofseth, Ellen Højgård. *Fjellressursenes betydning i yngre jernalders økonomi*. Sammenlignende studie av bygdene øst og vest for vannskillet i Nord-Guðbrandsdal. AmS skrifter 5. Arkeologisk museum í Stavanger. Stavanger 1980.
- Íslensk fornrit*. I bindi. Íslendingabók - Landnámabók. Síðari hluti. Hið ísl. fornritafélag. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1968.
- Johansen, Olav Sverre & Munch, Gerd-Stamsö. „¹⁴C dates.“ *Borg in Lofoten. A chieftain's farm in North Norway*. Ed. G.S. Munch, O.S. Johansen & E. Roesdahl. Tapir academic press. Trondheim 2003. Bls. 33–40.
- Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. Norðri. Akureyri 1956.
- Kristján Eldjárn. „Að setjast í aflgröf. Punktur um smíðjuna í Stöng.“ *Eldur er í norðri*. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Reykjavík 1982. Bls. 211–220.
- Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi*. 2. útg. Ritst. Adolf Friðriksson. Mál og menning. Reykjavík 2000.
- Lísabet Guðmundsdóttir. Skálinn í Lækjargötu. Bréf dags. 14. des. 2018.
- Lucas, Gavin. *Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka 2005*. Landsvirkjun LV-2007/018. Reykjavík 2007.
- Lucas, Gavin. „Vikingaaldarbyggðin á Hofstöðum í Mývatnssveit.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 2004-2005*. Reykjavík 2007. Bls. 103–120.
- Lucas, Gavin. *Hofstaðir. Excavations of a Viking Age feasting hall in North-Eastern Iceland*. Institute of Archaeology. Reykjavík 2009.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir. *Íslands tidiga bosättning. Studier med utgångspunkt i merovingertida - vikingatida gårdslämningar i Herjólfssdalur, Vestmannaeyjar, Island*. Studia Archaeologica Universitatis Umensis 1. Umeå universitet. Arkeologiska institutionen. Reykjavík 1989.

- McGovern, Thomas. „Walrus tusks & bone from Aðalstræti 14-18, Reykjavík Iceland.“ *Norse Zooarchaeology laboratory report no. 55*. [2011].
- Milek, Karen B. „Area S Interim report.“ *Archaeological investigation at Sveigakot 2002*. Ed. Orri Vésteinsson. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2003. Bls. 7–33.
- Milek, Karen B. *Houses and households in early Icelandic society: Geoarchaeology and the interpretation of social space*. Newham College. University of Cambridge June. Óbirt doktorsritgerð 2006.
- Milek, Karen B. „The roles of pit houses and gendered spaces in viking-age farmsteads in Iceland.“ *Medieval Archaeology*, 56. Society of Medieval Archaeology 2012. Bls. 85–130.
- Moffet, Cameron. „Slate discs at Tintagel Castle: Evidence for post-Roman mead production?“ *The Antiquaries Journal* 97. 2017. Bls. 119-143.
- Nordahl, Else. *Reykjavík from the archaeological point of view*. Societas Archaeologica Upsaliensis. Uppsala 1988.
- Näsman, Ulf. „Beads of amber, carnelian, glass, yet, rock-crystal and stone.“ *Borg in Lofoten. A chieftain's farm in North Norway*. Ed. G.S. Munch, O.S. Johansen & E. Roesdahl. Tapir academic press. Trondheim 2003. Bls. 231–240.
- Ragnar Edvardsson. *Fornleifarannsókn í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp 2004*. FS249–03093. Reykjavík 2004.
- Rannveig Þórhallsdóttir. *Ancient-DNA from soil and airborne LiDAR 3D scanning for analysing and excavational planning in archaeology*. Nr. 185300-0091. Research report to the Icelandic Student Innovation Fund. 19. september 2018.
- Sigríður Sigurðardóttir. *Þróun torfbæja. Glaumbær 2*. útg. Smárit Byggðasafns. Skagfirðinga I. Sauðárkrókur. 2007.
- Smith, K P. The Colour of Belief: Objects of Jasper, Opal, Chalcedony, and Obsidian from the Reykholt Churches. I: Sveinbjarnardóttir, G 2016. Reykholt The Church Excavations. Reykjavík 2016.
- Steinunn Kristjánsdóttir. *Geirsstaðir í Hróarstungu - stórbyli á landnáms- og söguöld*. Niðurstöður fornleifarannsóknar Minjasafns Austurlands sumarið 1997.
- Stenberger, Mårten. „Snjáleifartóttir, Þjórsárdalur“ *Forntida gárdar í Island*. Meddelanden från den nordiska arkeologiska undersökningen i Island sommaren 1939. Red. M. Stenberger. Ejnar Munksgård. København 1943. Bls. 98–112.
- Stenberger, Mårten. „Ísleifsstaðir, Borgarfjarðarsýsla.“ *Forntida gárdar í Island*. Meddelanden från den nordiska arkeologiska undersökningen i Island sommaren 1939. Red. M. Stenberger. Ejnar Munksgård. København 1943. Bls. 145–170.
- www.svtplay.se *Östersjöfönnarna. Säsong 1 - avsnitt 2*. Sótt 9. nóvember 2018.
- Talma, A.S., Vogel, J.C. *Radiocarbon* 35(2). 1993. Bls. 317–322.
- Túnakort*. Stöð. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Zori, Davide, Jesse Byock, Egill Erlendsson, Steve Martin, Thomas Wake & Kevin J. Edwards. „Feasting in Viking Age Iceland: sustaining a chiefly political economy in a marginal environment.“ *Antiquity* 87. 2013. Bls. 150–165.
- Viking Archaeology in Iceland*. Mosfell Archaeological Project. Ed. D. Zori & J. Byock. Brepols. Turnhout 2014.
- Vikingatidens ABC. Ny reviderad upplaga. Statens Historiska Museum. Borås 1995
- Wallace, Birgitta Linderoth. Westward vikings. The saga of L'Anse aux Meadows. Historical Sites Association of Newfoundland and Labrador. St Johns 2006.
- Zori, Davide, Marco. *From Viking Chiefdoms to Medieval State in Iceland: The Evolution of Social Power Structures in the Mosfell Valley*. A dissertation submitted in partial satisfaction of the requirements for degree Doctor of Philosophy in Archaeology. University of California. Los Angeles 2010.
- Zori, Davide, Jesse Byock, Egill Erlendsson, Steve Martin, Thomas Wake & Kevin J. Edwards. „Feasting in Viking Age Iceland: sustaining a chiefly political economy in a marginal environment.“ *Antiquity* 87. 2013. Bls. 150–165.
- Þór Magnússon. „Bátskumlið í Vatnsdal í Patreksfirði.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1966. Reykjavík 1967. Bls. 5–32.
- Þór Magnússon. „Sögualdarbyggð í Hvítárholti.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1972. Reykjavík 1973. Bls. 5–80.
- Örnefnaskrá. Stöð. Handrit þessarar lýsingar skrifaði Stefán Einarsson prófessor eftir Sigurbirni Guttormssyni, 65 ára; fæddur á Stöð 8. Febrúar 1892 og uppallinn. Örnefnassafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Rúst 16:1 í landi Stöðvar í Stöðvarfirði.
Hnit: E 738458 N 492135.

Styrktaraðilar:

Fornminjasjóður.
Áhugahópur um fornleifarannsóknir á Stöð.
Fjarðarbyggð.
Alcoa Fjarðarál.
Skemmtifélagi Stöðvarfjarðar, Jaspís, félag eldri borgara.
Fjöldi heimamanna og velunnara.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi Minjastofnunar Íslands.

3.5. 2019.

Leyfinúmer:

201607-0024.

Rannsóknarnúmer:

2019-37

Starfsmenn:

Anna Derrick, MA í fornleifafræði.
Atli Rkúnarsson, MA nemi á Fornleifafræðistofunni.
Anna Soffía Ingólfssdóttir, fornleifafræðinemi við HÍ.
Árman Dan Árnason, MA fornleifafræðingur.
Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur á Fornleifafræðistofunni.
Indriði Skarphéðinsson, BA fornleifafræðingur á Fornleifafræðistofunni.
Rannveig Þórhallsdóttir, MA fornleifafræðingur á Fornleifafræðistofunni.
Snædís Sunna Thorlacius, fornleifafræðinemi í HÍ.
Þorgeir Eiríksson, Stöðfirðingur.
Kalle Thorsberg, fornleifafræðingur við Rio kulturkooperativ.
Kevin McAleese, fornleifafræðingur við Þjóðminjasafn Nýfundnlands.
Louise Olsson, fornleifafræðingur við Rio kulturkooperativ.
Viktória Halldórsdóttir, MA fornleifafræðingur á Fornleifafræðistofunni.

Próf. Emmett Smith líffræðingur.

Próf. Charlie Peck, forritari.

Forvarsla:

Sandra Sif Einarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands.

Rannsóknartími:

1. júní - 28. júní 2018.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðakerfi:

Eigið.

Rúmmál:

Um 185 m³.

Helstu viðfangsefni:

Skálar frá landnámsöld.

Geymsla gagna:

Þjóðminjasafn Íslands.

Skýrsla hjá:

Minjastofnun Íslands, Landsbókasafni Íslands og Áhugahópi um fornleifarannsóknir á Stöð

Skrár

<i>Fundaskrá</i>	<i>Bls. 21</i>
<i>Stafrænar myndir</i>	<i>62</i>
<i>Sýnaskrá:</i>	<i>68</i>
<i>Teikningaskrá.</i>	<i>71</i>

Fylgirit

<i>1 Gjóskugreining, Þorvaldur Þórðarson</i>	<i>72</i>
<i>2 Jarðsjármælingar á Stöð í Stöðvarfirði. Ómar Valur Jónasson</i>	<i>74</i>
<i>3 Stenmaterialet frá undersökningarna 2019. Kalle Thorsberg</i>	<i>79</i>

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
1	05.04.2019	Skæri, leirtau	Járn, leir og	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	-	-	-	-	-	-
Fannst austan við reitinn sem opnaður var 2018, nálægt X 105 Y 220. Leirtau: 25,4 g. Gler: 29,2 g. Skæri: 16,1 g.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
2	05.04.2019	Tafla	Sandsteinn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	-	-	-	-	-	-
Fannst austan við reitinn sem opnaður var 2018, nálægt X 105 Y 220. Taflan (hnefatafl) er tálguð í spíss og með boruðu gati á botni. Hlýtur að tilheyrja yngri skála.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
3	05.04.2019	Perlur	Gler	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	-	-	-	-	-	-
Fundust við blauntsiktunarstaðinn frá því 2018. Hljóta að tilheyrja Húsi 2 (yngri skála). Ein er tvöföld og gul, ein er silfurhúðuð og ein er blá. Af þeirri bláu er lítið sem ekkert eftir. Hinar heilar. Silfurhúðaða perlan er afar smá.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
4	03.06.2019	Flaga	Jaspis	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	-	-	-	-
Fannst við hreinsun á suður seti upp af Y 200.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
5	04.06.2019	Nagli	Járn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	103,6	202,77	4,49	-
Fannst sunnan megin við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
6	04.06.2019	Nagli	Járn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	103,6	204,20	4,48	-
Fannst í seti við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
7	04.06.2019	Tafla?	Sandsteinn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	106,5	205,3	4,49	-
Klappað gat á botni. Svipaður og tafla nr. 2.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
8	04.06.2019	Nagli	Járn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	103,80	197,58	4,36	-
Brotinn um legginn. Vestan við langeld.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
9	04.06.2019	Nagli (hnífur?)	Járn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	102,77	197,76	4,43	-
Fannst í vestur seti skálans.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
10	04.06.2019	Hnoð	Járn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	102,23	200,38	4,66	-

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
11	04.06.2019	Járn (sill?)	Járn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	104,44	202,8	4,39	-
Fannst við/í langeldinum.						


Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
12	04.06.2019	Perla	Gler	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 2	-	107,03	200,3	4,45	-
Fannst í norðursetinu.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
13	05.06.2019	Kjarni	Hrafnitinna	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli	-	-	-	-	-
Fannst í vesturgafli skálans.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
14	06.06.2019	Beltissylgja	Brons	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hlað	-	98,40	210,7	-	-
Fannst ofarlega í moldunum, um 30 sm undir yfirborði. Ungur gripur.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
15	06.06.2019	Nagli	Járn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		103,4	209,2	5,11
Fannst austan við innganginn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
16	06.06.2019	Kljásteinn-	Steinn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		99,5	200,85	5
Náttúrulegt gat sem klappað hefur verið í.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
17	06.06.2019	Mynt	Silfur	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		100,7	209,7	5,03
Fannst á mótum yngri og eldri suðurvegja skálanna.						
						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
18	06.06.2019	Tinna (kjarni)	Tinna	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		-	-	-
Fannst við hreinsun á norðurvegg eldri skála.						


Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
19	06.06.2019	Jaspis	Jaspis	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		-	-	-
Fannst við hreinsun á norðurvegg eldri skála.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
20	06.06.2019	Glerhallur	Glerhallur	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Hlað		99,2	209,1	4,87
Fannst við stéttina sunnan við eldri skála.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
21	07.06.2019	Skrautsteinn	Glerhallur	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		101,27	215	5,01
Fannst á mörkum veggja skálanna.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
22	07.06.2019	Skrautsteinn	Glerhallur	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		102,7	215,7	5,01
Fannst á mörkum veggja skálanna.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
23	07.06.2019	Skinna	Járn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		100,9	217,4	4,85
Fannst ofan á veggnum. Hniðið sést.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
24	07.06.2019	Snældusnúður	Kléberg	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		100,54	215,07	5,02
Fannst á mörkum veggja skálanna. Brotinn um miðjuna. Borað gat frá báðum hliðum.						
						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
25	11.06.2019	Jaspis	Jaspis	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		105,25	209,7	5,10
Fannst í áfoki austan við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
26	11.06.2019	Jaspis (flaga)	Jaspis	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		110,45	207,95	5,47
Fannst í norðurvegg yngri skálans.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
27	11.06.2019	Glerhallur	Glerhallur	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		106	208	5,18
Fannst í áfoki austan við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
28	11.06.2019	Jaspis (kjarni)	Jaspis	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir		Skáli		105,06	215,6	5,04
Fannst í áfoki austan við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
29	11.06.2019	Jaspis (kjarni)	Jaspis	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		103,90	205,80	5,15	
Fannst efst í áfoki austan við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
30	11.06.2019	Jaspis (kjarni)	Jaspis	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		107,3	208	5,18	
Fannst efst í áfoki austan við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
31	11.06.2019	Jaspis (kjarni)	Jaspis	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		103,85	205,75	5,15	
Fannst efst í áfoki austan við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
32	11.06.2019	Skífa	Steinn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		107,3	205,55	5,15	
Fannst efst í áfoki austan við langeldinn. Tilhoggin á köntunum. Fleirri í nágrenninu!						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
33	11.06.2019	Skífa	Steinn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		107,0	206,96	5,11	
Fannst efst í áfoki austan við langeldinn. Tilhoggin á köntunum. Fleirri í nágrenninu!						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
34	11.06.2019	Skífa	Steinn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		106,10	205,70	5,10	
Fannst efst í áfoki austan við langeldinn. Tilhoggin á köntunum. Fleirri í nágrenninu!						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
35	11.06.2019	Skífa	Steinn	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		107,2	206,73	5,12	
Fannst efst í áfoki austan við langeldinn. Tilhoggin á köntunum. Fleirri í nágrenninu!						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
36	12.06.2019	Glerhallur	Glerhallur	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		106,6	208,6	5,11	
Fannst í áfoki austan við langeldinn.						

Nr.	Dags	Heiti	Efniviður	Þjms. nr.		
37	12.06.2019	Glerhallur	Glerhallur	2019-37		
		Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Skáli		103,10	206,85	5,12	
